

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Birtingaholt 1, L166725, Birtingaholt 7 og 7a.

Um er að ræða deiliskipulag sem tekur til tveggja nýrra lóða úr landi Birtingaholts 1. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir grænmetisræktun, allt að 500 m² aðstöðuhúsi innan byggingarreits og allt að 165 m² íbúðarhúsi. Innan byggingarreits aðstöðuhúss er einnig gert ráð fyrir aðstöðuplani og bílastæðum. Gert er ráð fyrir að lóðirnar taki staðföngin Birtingaholt 7 og Birtingaholt 7a.

Samþykkt í sveitarstjórn Hrunamannahrepps 10. apríl 2025.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 16. maí 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 19. maí 2025